

**Nd.** **57. Frumvarp til laga** [56. mál]

um breyting á lögum nr. 88 24. des. 1971, um 40 stunda vinnuviku, sbr. lög nr. 25 22. maí 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Við 6. grein laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Frá og með árinu 1983 skal fyrsti mánudagur í ágúst vera frídagur og skal greiða laun fyrir þann dag samkvæmt sömu reglum og gilda í kjarasamningum um aðra almenna frídaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp er fylgifrúmvarp frumvarpsins um lengingu orlofs. Um athugasemdir vísast til þess frumvarps.